



## Rannsókn á náttúrulegum aðstæðum til fiskeldis í Ísafjarðardjúpi

Gylfi Páll Hersir, Kristján Sæmundsson, Árni Hjartarson, Einar  
Tjörvi Elíasson

Greinargerð GPH-KS-ÁH-ETE-88-01



## RANNSÓKN Á NÁTTÚRULEGUM ADSTÆDUM TIL FISKELDIS Í ÍSAFJARDARDJÚPI

Ahugi mun vera á því meðal heimamanna í Snæfjallia-, Nauteyrar- Reykjafjarðar- og Ögurhreppi að útvikka þar rannsóknir á náttúrulegum aðstædum til fiskeldis, sem áttu sér stað aðallega í Nauteyrar- og Reykjafjarðarhreppi á vegum Orkustofnunar og heimamanna á síðasta ári.

## Jarðhitarannsóknir

Allgöð undirstaða er þegar fengin á þekkingu á jarðhita í hreppunum og vart ástæða til að bæta þar um fyrr en kemur að uttekt tiltekinna svæða með borun í huga. Aðrir staðir en Nauteyri og Reykjanes, sem helst koma til greina varðandi öflun jarðhita, virðast vera Rauðamýri og Laugaland í Skjalfannardal. En þar munu möguleikar á öflun kalds ferskvatns samfara jarðhita hvað álitlegastir. Orkustofnun gerir það því að tillögu sinni að þar verði gerðar rannsóknir á þáðum þessum páttum, og þeim rannsóknaraðferðum beitt við leit á jarðhita, sem reyndust með ágætum á Nauteyri á síðasta ári. Athuga mætti líka staði eins og Botn-/Hörgslið í Mjóafirði þar sem sémilegar líkur eru talðar á að finna öruggt, gott kait vatn.

## Ferskvatnsrannsóknir

Í Nauteyrar- og Reykjafjarðarhreppi eru aðstæður til öflunar kalds ferskvatns þekktar að því marki, sem athuganir á yfirborði gefa tilefni til. Nýtanlegt grunnvatn er nánast eingöngu að finna í lausum jarðlögum svo sem áreyrum og dalfylllum. Litið er hins vegar vitað um þykkt og vatnsgæfni þessara jarðlaga. Næsta skref í þessum athugunum væri því fólgjò i því að kanna þykkt og efnisgerð lausu jarðlaganna með vélgröfum og ef til vill með Cobraborunum. Einnig mætti á sama tíma gera einfaldar dæliprófanir í brunnum, sem grafnir væru á völdum stöðum.

Í Ögurhreppi hefur engin athugun verið gerð á möguleikum til öflunar ferskvatns. Þar er lagt til að gerð verði yfirlitsathugun á lindum til fjalla og útbreiðslu lausra jarðlaga áður en til nánari könnunar kemur.

## Rannsókn sjávartöku

EKKI ER ÚR VEGI AÐ RANNSAKA STAÐI EINS OG T.D. EYRI EÐA SKÁLAVÍK VARÐANDI SJÁVARTÖKU TIL LANDELDIS Í SJÓ. HUGSA MÆTTI SÉR PANN MÖGUIEIKA AÐ SPRENGJA HÆFILEGT MAGN AF KIÖPPUM UNDIR SJÁVARMÁLI, PANNIG AÐ SIUN FÁIST AÐ BORHOLUM EÐA BRUNNUM I LANDI.

Geta ber þess hér að hagstæðara gæti verið að staðsetja slíka staði úti á nesjum en innarlega í fjörðum vegna sjávarkulda.

## Aætlaður kostnaður við frekari rannsóknir

Erfitt er að aettia kostnað við síkar rannsóknir sem þessar eru eftirfarandi áætiunartölu aðeins til að gefa hagsmunaaðilum grófa hugmynd um mögulega sterð hans. Söluskattur 12% á vinnu-liði, sem unnið eru á skrifstofum JHD, er ekki innifalinn.

### 1. Ferskvatnsrannsóknir:

	Verkmagn kist	Kostnaður kr
Yfirferð jarðfræðings	60	88.140
Bilakostnaður/ferðir	80	35.300
Uppihald	-	32.000
Kortiagnning/greinargerð	50	73.450
Samtals		228.890

Framangreind kostnaðaráætiun innifeiur ekki kostnað við gróft vatnsbrunna, boranir eftir köldu vatni né dæliprófanir. Staðsetning brunna og/eða borhola er aftur á móti innifalin í framangreindum áætiunum um kostnað verksins.

### 2. Rannsóknir á jarðhita:

	Verkmagn kist	Kostnaður kr
Viðnámssnið	360	415.600
Uppihald/ferðir	-	100.900
Úrvinnsla/greinargerð/tölvu	150	273.750
Samtals		790.250

Gert er ráð fyrir viðnámssniðsmælingum bæði við Rauðumýri og Laugaland. Framangreind áætiun innfelur ekki kostnað við boranir, gerð verklýsinga fyrir þær, eftirlit með borunum né mælingar í holum. Innifalin er staðsetning borhola.

### 3. Rannsókn á sjávartöku:

	Verkmagn kist	Kostnaður kr
Yfirferð jarðfræðings	40	58.760
Uppihald	40	16.000
Bilakostnaður/ferðir	60	26.400
Úrvinnsla/greinargerð	20	29.380
Samtals		130.540

Hér er ekki innifalinn kostnaður við boranir, gerð verklýsinga, eftirlit með borunum né sprengiráðgjöf. Staðsetning síikra borhola er hiuti framangreindrar kostnaðaráætiunar.